



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skráningu á líkamlegu ofbeldi gagnvart starfsfólki**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Er til tölfraði um skráðar tilkynningar yfir tímabilið 2019-2022 um líkamlegt ofbeldi sem starfsfólk stofnana skóla- og frístundasviðs hafa orðið fyrir af hálfu nemenda á grunnskólastigi? Hvað verkferla er stuðst við þegar upp koma alvarleg tilvik þar sem starfsmaður áðurnefndra stofnana verður fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu nemenda?*

#### **Svar:**

Skráning atvika af þessu tagi er í höndum hvers og eins stjórnanda en þeim upplýsingum hefur ekki verið safnað miðlægt. Því er sem sakir standa ekki til miðlæg tölfraði yfir skráðar tilkynningar yfir tímabilið 2019-2022 um líkamlegt ofbeldi sem starfsfólk stofnana skóla- og frístundasviðs hafa orðið fyrir af hálfu nemenda á grunnskólastigi. Þó er upplýst um að í gangi er verkefni, sem er hluti af stafrænni umbreytingu borgarinnar, um þróun og innleiðingu miðlægs atvikaskráningarkerfis. Ekki er ljóst hvenær það kerfi verður tekið í notkun.

Að meginstefnu til vinna stjórnendur og starfsmenn hvers grunnskóla þau mál sem varða ofbeldi af hálfu nemenda í garð starfsfólks. Í grófum dráttum felur það verklag í sér eftirfarandi:

- Starfsmaður tilkynnir stjórnanda um ofbeldi.
- Stjórnandi vísar starfsmanni í skoðun á heilsugæslu ef ástæða þykir til.
- Fyllt er út áverkaskráningu í skólanum.
- Haft samband við forráðamenn. Í einhverjum tilvikum getur nemandi verið vísað heim þann daginn eða lengur ef um alvarlegt atvik er að ræða (ákvörðun tekin með ráðgjöf frá lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs).
- Leitað til skólaþjónustu varðandi úrvinnslu.
- Metið hvort eða hversu lengi starfsmaður er heima í kjölfar ofbeldisins.
- Starfsmanni boðið samtal við skólasálfræðing/fagaðila eftir atvikum.
- Mál er tilkynnt barnavernd ef ástæða þykir til.
- Barni og fjölskyldu boðin aðstoð skólaþjónustu/miðstöðvar eftir því sem þörf er á.
- Matsatriði hvort mál er tilkynnt til lögreglu ef um alvarlegt ofbeldismál er að ræða.
- Alvarlegri mál eru unnin í samvinnu við mannauðs- og/eða lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs.

Þá getur verið tilefni til að vinna samkvæmt verklagsreglum Reykjavíkurborgar, sem útgefnar voru í september 2012, um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda.

Í gildi er einnig útgefið verklag, dags. 18. janúar 2022, um kærur Reykjavíkurborgar til lögreglu vegna ofbeldisbrota gagnvart starfsfólki sem tekur til alvarlegri tilvika ofbeldis og mögulega falla undir ákvæði 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verklagið á við þegar



Reykjavíkurborg

starfsfólk Reykjavíkurborgar verður fyrir líkamlegu ofbeldi í starfi eða vegna starfa þess eða ef starfsmanni eða/og fjölskyldu hans er hótað alvarlegu líkamlegu ofbeldi í orði eða verki í starfi eða vegna starfa hans, þannig að hann óttast um líf sitt og heilsu eða nákominna. Eru þessi mál unnin af stjórnanda starfsstaðar með ráðgjöf frá lögfræðipjónustu sviðsins og borgarlögmanns sem tekur endanlega ákvörðun um hvort kæra verði lögð fram til héraðssaksóknara sem sér um að rannsaka og ákæra í slíkum málum.